



**73. Fundur bæjarráðs Blönduósbaejar  
fimmtudaginn 24. janúar 2013, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Hafnarsambands Íslands 18. janúar 2013
  2. Byggðakvóti
  3. Bréf frá Húnavatnshreppi 17. janúar 2013
  4. Dreifnám
  5. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

1. **Fundargerðir:**
  - a) **Stjórnar Hafnarsambands Íslands 18. janúar 2013**  
*Lögð fram til kynningar.*
2. **Byggðakvóti**  
*Guðmundur St. Jónsson, Þorsteinn Már Aðalsteinsson, Kristján Már Þorsteinsson og Ágúst Þór Bragason mættu á fundinn.*  
*Guðmundur fór yfir stöðu mála gagnvart fiskvinnslunni á Blönduósi.*

*Bæjarráð eygir von um að starfsemi fiskvinnslu á Blönduósi fari aftur í gang. Bæjarráð tekur sér frest fram að næsta bæjarráðsfundi sem áætlaður er þann 30. janúar 2013 til að láta á það reyna til fullnustu hvort að fiskvinnslan fari aftur í gang á Blönduósi áður en nýjar úthlutunarreglur verða samþykktar.*

3. **Bréf frá Húnavatnshreppi 17. janúar 2013**  
*Tekið fyrir svarbréf Húnavatnhrepps við ósk Blönduósbaejar um samstarf við skoðun á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna. Í bréfinu kemur fram að raunhæfara sé að stefna að sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Bæjarráð tekur undir sjónarmið Húnavatnshrepps og samþykkir að leita eftir stuðningi og aðkomu annarra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um viðræður um sameiningu Austur-Húnavatnssýslu í eitt sveitarfélag.*
4. **Dreifnám**  
*Ágúst Þór Bragason gerði grein fyrir stöðu dreifnámsverkefnisins sem gengur út á að bjóða nemendum í A-Hún upp á framhaldsskólanám í heimabyggð. Miðað sé við að starfsstöð dreifnáms verði á Blönduósi og nemendur sem eigi heima annarsstaðar í A-Hún bjóðist daglegur*



akstur eða stuðningur við daglegar ferðir. Dreifnámið verði unnið í samstarfi og á forsendum FNV. Ágúst Þór lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu frá dreifnámsþópi A-Hún:

### **Tillaga dreifnámsþóps til sveitarstjórna í A-Hún um framkvæmdaráð um dreifnám í A-Hún.**

Framkvæmdaráð um dreifnám í A-Húnavatnssýslu skal undirbúa og annast allan undirbúning að því að dreifnám hefist á Blönduósi haustið 2013. Skipunartími framkvæmdaráðsins er til næstu sveitarstjórnarkosninga vorið 2014. Skipa skal einn fulltrúa og einn til vara frá hverju sveitarfélagi ásamt fræðslustjóra sem vinnur með framkvæmdaráðinu. Framkvæmdaráðið heyrir undir Félags- og skólaþjónustu A-Húnavatnssýslu(FSAH) og skal framkvæmdaráðið leggja fram fjárhagsáætlun fyrir verkefnið sem stjórn FSAH staðfestir eftir umsögn einstakra sveitarfélaga. Öll fjársýsla skal vera í höndum FSAH.

Bæjarráð samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og samþykkti að kjósa Ágúst Þór Bragason í framkvæmdaráðið og Auðun Stein Sigurðsson til vara.

#### **5. Önnur mál**

##### **a) Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Fært í trúnaðarbók

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:45

Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Annar Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir(sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)